

Sóknarskrift


(Textar eru aftast í skjalinu. Það þarf að finna hvaða texti passar við hverja mynd)











Texti í sóknarskrift, tengdur myndum.

Það er vetur. Ólafi finnst gaman að fara á skíði. Hann setur á sig bláa húfu og rennir sér niður brattar brekkur.

Mér finnst mjög gaman í sundi. Ég syndi bringusund, skriðsund og baksund. Svo fer ég í heita pottinn og hvíli mig.

Það er mikið að gera hjá Kalla. Hann bakar pizzur. Margir kaupa pizzur á föstudögum. Það finnst Kalla skemmtilegt.

Katrín á þetta hjól. Henni finnst gaman að hjóla þegar veðrið er gott. Í rigningu er betra að vera inni að lesa.

Hefur þú spilað körfubolta? Gunnari finnst það gaman. Hann er í stuttbuxum og hleypur hratt með boltann.

Það er gaman að æfa karate. Magnús ætlar að fara til Reykjavíkur á karatemót um næstu helgi.

Þessir vinir voru að ganga upp á fjall. Það var erfitt af því að fjallið var bratt. Af hverju eru þeir ekki glaðir?

Bjarki var í fótbolta. Hann er reiður af því að liðið hans tapaði. Hann hleypur heim.